

Miðvikudaginn 4. júní 1997.

Nr. 207/1997.

Sigmundur Franz Kristjánsson

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramenn Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar hann til 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 15. apríl 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hafnað verði kröfu varnaraðila í málinu. Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að „verði viðurkennt, að varnaraðili eigi fjárkröfu á hendur sóknaraðila, þá verði sú fjárhæð tilgreind, að öðlist úrskurður um gjaldþrotaskipti gildi að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms, verði krafan ekki greidd fyrir þann tíma“.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Varnaraðili reisir kröfu sína um, að bú sóknaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, á tveimur fjárnámum, sem gerð voru hjá sóknaraðila 15. febrúar og 22. apríl 1996 og reyndust bæði árangurslaus. Vísar sóknaraðili til þess í kæru, að hvorugt fjárnámið fullnægi lagaskilyrðum til að geta verið grundvöllur kröfu um gjaldþrotaskipti. Að því er varðar hið fyrra þessara fjárnáma, hafi lögmæltur þriggja

mánaða frestur verið liðinn, er Héraðsdómi Reykjaness hafi 17. maí 1996 borist krafa um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en krafan var upphaflega gerð fyrir þeim dómstóli.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 12. júlí 1996, sem gekk í tilefni kröfunnar, kemur fram, að krafan hafi borist dómstólnum 14. maí 1996 og að gjöld vegna hennar hafi verið greidd samdægurs. Á gjaldþrotabeidninni sjálfri má sjá, að móttökustimpli hefur verið breytt þannig, að strikað var yfir dagsetninguna 17. maí, en skráð 14. maí þess í stað. Ekkert er fram komið um, að þessi leiðrétting hafi ekki verið réttmæt. Að þessu virtu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila, sem á þessari ástæðu er reist. Reynir þá ekki sérstaklega á sjónarmið sóknaraðila í máli þessu, að því er varðar heimild varnaraðila til að reisa kröfu sína á árangurslausu fjárnámi 22. apríl 1996.

II.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar jafnframt á því, að hin árangurslausu fjárnám gefi ekki rétta mynd af fjárhag sínum og geti því ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti. Telur hann nægileg verðmæti felast í söluverði allrar eignarinnar Smiðsbúðar 9 í Garðabæ, til að varnaraðili geti fengið greiðslu allra réttmætra krafna á hendur sér. Vísar hann þessu til stuðnings til 1. tl. 2. mgr. og 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Í þessum þætti tekur sóknaraðili fram, að hann geri ekki kröfu til þess, að hagnaði varnaraðila af sölu fyrrum eignarhluta þrotabús Vélanausts hf. í Smiðsbúð 9 verði varið til greiðslu skulda sóknaraðila. Hins vegar beri að ráðstafa öllu kaupverði varnaraðila sjálfs á eignarhlutanum, 9.000.000 króna, að frádregnum lögveðskröfum til lúkningar skulda sóknaraðila við varnaraðila á grundvelli tveggja tryggingarbréfa, sem hvílt hafi á eignarhluta þrotabús Vélanausts hf. fyrir skuldum sóknaraðila. Mismunur til ráðstöfunar í þessu skyni sé 8.566.861 króna. Er mótmælt ráðstöfun varnaraðila á hluta þeirrar fjárhæðar á annan hátt, svo sem til lúkningar skulda Vélanausts hf.

Varnaraðili telur, að skuldir sóknaraðila, að fjárhæð allt að 7.199.406 krónur, hafi mátt hvíla með veði í eignarhluta þrotabús Vélanausts hf. í Smiðsbúð 9 á grundvelli nefndra tveggja tryggingar-

bréfa. Er staðhæft í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi, að allri þessari fjárhæð hafi verið ráðstafað til greiðslu skulda sóknaraðila við varnaraðila. Hefur varnaraðili lagt fram sérstakt yfirlit um ráðstöfun andvirðis eignarhluta þrotabús Vélanausts hf. í fasteigninni, en samkvæmt því verður ráðið, að 7.199.406 krónum hafi verið varið til lúkningar fjögurra tiltekinna skulda.

Sóknaraðili telur, að varnaraðili hafi ekki með viðhlítandi hætti gert grein fyrir kröfum á hendur sér. Að því er varðar sérstaklega þær fjórar kröfur, sem að framan er getið, bendir hann á, að engin gögn séu í málinu um þær eða hvernig tvær þeirra tengist sóknaraðila, en á yfirliti varnaraðila séu aðrir tilgreindir sem skuldarar hinna síðastnefndu.

Skuldaskjöl vegna áðurnefndra krafna varnaraðila hafa ekki verið lögð fram í málinu, og óljósar heimildir eru um þessar kröfur í gögnum málsins. Verður fallist á með sóknaraðila, að málalíbúnaður varnaraðila sé óskýr. Í forsendum úrskurðar héraðsdómara kemur fram, að hann telji varnaraðila ekki hafa sett kröfur sínar fram með eins skýrum hætti og ætlast megi til. Þrátt fyrir það hefur varnaraðili að engu leyti bætt þar úr í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti. Er málið af hans hálfu svo vanreifað, að ekki verður hjá því komist að vísa því sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., greiði sóknaraðila, Sigmundi Franz Kristjánssyni, samtals 70.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 15. apríl 1997.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 10. mars sl.

Sóknaraðili er Íslandsbanki hf., kt. 241289-5069, Kirkjusandi 2, Reykjavík.

Varnaraðili er Sigmundur Franz Kristjánsson, kt. 140141-2169, Baldurs-haga, Hofsósi.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta og varnaraðila gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Kröfur varnaraðila eru þær, að kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði hrundið og sóknaraðila gert að greiða málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Málavextir.

Mál þetta er rekið sem ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskiptakröfu á grundvelli XXIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

Hinn 14. maí 1996 barst Héraðsdómi Reykjaness símbréf frá sóknaraðila, þar sem gerð var krafa um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Krafa sóknaraðila með áritaðri kvaðningu var birt Jónínu Jónsdóttur 7. júlí 1996 að Skipasundi 9 í Reykjavík. Í birtingarvottorði kemur fram, að Jónína sé sam-býliskona varnaraðila og að hann sé fluttur frá Nýbýlavegi 62 og búi nú að Skipasundi 9. Við þingfestingu málsins 11. júlí var þing ekki sótt af hálfu varnaraðila og málið því að fram kominni kröfu sóknaraðila tekið til úrskurðar. Sóknaraðili studdi kröfu sína við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., og tók dómurinn kröfuna til greina með úrskurði 12. júlí 1996.

Í gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila er gerð grein fyrir þeim kröfum, sem hann telur sig eiga á hendur varnaraðila, og er gerð grein fyrir kröfun-um og hvernig þær eru til komnar. Í aðalatriðum er þeim lýst þannig:

I. Krafa nr. 05000406, málskostnaður í tveimur málum, eftirstöðvar sam-tals 175.161 króna.

II. Krafa nr. 05450404, reist á áritaðri stefnu, vegna skuldabréfs, út gefins af varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 4.500.000 krónur. Eftirstöðvar þess með kostnaði að frádreginni innborgun vegna úthlutunar uppboðsandvirðis eignarhluta 0201, 2.487.217 krónur, eru 4.579.563 krónur.

III. Krafa nr. 05450402, einnig reist á áritaðri stefnu, vegna skuldabréfs, út gefins af varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 7.500.000 krónur. Eftir-stöðvar þess að frádreginni innborgun vegna úthlutunar uppboðsandvirðis eignarhluta 0001, 415.358 krónur, eru 9.405.644 krónur.

IV. Krafa nr. 05470013, reist á dómi vegna víxils, út gefins af varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 492.488 kr., en eftirstöðvar hans alls 1.446.370 krón-ur.

Fyrir liggur, að varnaraðili átti þrjá eignarhluta fasteignarinnar nr. 9 við Smiðsbúð í Garðabæ, en til samans voru þeir 50,20% eignarinnar. Þá liggur

og fyrir, að þb. Vélanausts átti 49,80% eignarinnar. Allir eignarhlutar varnaraðila voru seldir á nauðungaruppboði, og keypti sóknaraðili þá fyrir 7.200.000 krónur. Þá liggur og fyrir, að Verslunarlána sjóður keypti eignarhluta þb. Vélanausts hf. af þrotabúinu fyrir 9.000.000 króna.

Hinn 9. ágúst 1996 barst Héraðsdómi Reykjaness símbréf frá lögmanni varnaraðila, þar sem krafist var endurupptöku á úrskurðinum frá 12. júlí sama ár og að málinu yrði vísað frá dómi. Varnaraðili studdi kröfu sína því, að gjaldþrotaskiptakrafan hefði verið borin upp á röngu varnarþingi, en lögheimili sitt væri að Baldurshaga, Hofsósi. Krafa varnaraðila var tekin til greina með úrskurði, upp kveðnum 28. ágúst 1996. Í úrskurðinum kemur fram, að krafa um gjaldþrotaskipti hafi ekki komið fram á réttu varnarþingi samkvæmt 8. gr. nefndra laga nr. 21/1991, sbr. 32. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Skilyrðum um endurupptöku var talið fullnægt og kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila vísað frá dómi.

Að þessari niðurstöðu fenginni var málið framsent Héraðsdómi Reykjavíkur 7. október 1996. Þar var krafan fyrst tekin fyrir 5. desember 1996. Í því þinghaldi mótmælti varnaraðili kröfu sóknaraðila, og var málinu frestað til 10. desember til framlagningar frekari gagna og greinargerðar sóknaraðila. Í því þinghaldi varð samkomulag um að fresta málinu til 17. desember til framlagningar gagna og greinargerðar af hálfu varnaraðila. Það þinghald frestaðist til 20. desember, en þann dag lagði varnaraðili fram greinargerð sína. Munnlegur flutningur um kröfuna fór fram 3. janúar 1997, og þann dag var krafan tekin til úrskurðar. Hinn 31. janúar var í málinu kveðinn upp úrskurður þess efnis, að krafa sóknaraðila yrði ekki tekin til frekari efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur og að hún yrði send Héraðsdómi Norðurlands vestra ásamt gögnum málsins.

Skjöl málsins, sem framsend voru dóminum frá Héraðsdómi Reykjavíkur, bárust 9. febrúar sl. Málið var þingfest 25. febrúar og, eins og áður er getið, flutt munnlega 10. mars. Við meðferð málsins hér fyrir dómi voru ekki lagðar fram nýjar greinargerðir af hálfu aðila, heldur studdust þeir við greinargerðir sínar, sem lagðar voru fram í Héraðsdómi Reykjavíkur. Sama er að segja um önnur skjöl málsins, nema við hafa bæst tvær beiðnir um nauðungarsölu ásamt bréfum vegna meðferðar máls þessa hér fyrir dómi.

III.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar, eins og að framan er getið, á þeim málsástæðum, sem fram komu í greinargerð hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nema hvað hann fellir í málflutningi sínum út þann þátt, sem varðar

ágreining um varnarþing. Kveðst hann styðja kröfu sína tveimur árangurslausum fjárnámum frá 15. febrúar og 22. apríl 1996. En hann kveðst eiga verulegar fjárhæðir hjá varnaraðila, sem hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir nauðungarsölu á eignum varnaraðila.

Sóknaraðili mótmælir því, að krafa sín sé reist á ógildu fjárnámi frá 22. apríl 1996. Varnaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á, að það hafi verið fellt úr gildi. Krafan sé enn fremur studd árangurslausri aðfarargerð frá 15. febrúar 1996, en við þá aðfarargerð hafi varnaraðili sjálfur lýst yfir eignaleysi sínu.

Einnig mótmælir sóknaraðili fullyrðingum varnaraðila þess efnis, að krafa um gjaldþrotaskipti hafi ekki borist Héraðsdómi Reykjaness innan tilskilins þriggja mánaða frests. Krafan hafi borist Héraðsdómi Reykjaness 14. maí 1996. Þrátt fyrir það að krafan hafi verið send röngu umdæmi, teljist hún eigi að síður hafa borist á réttum tíma, og miðist frestdagur við móttöku þar, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili mótmælir einnig fullyrðingum varnaraðila þess efnis, að hann standi ekki í skuld við sóknaraðila. Öllu uppboðsandvirði eignarhluta varnaraðila í fasteigninni Smiðsbúð 9 í Garðabæ hafi verið ráðstafað upp í skuldir varnaraðila. Þá hafi einnig verið ráðstafað upp í skuldir varnaraðila andvirði tveggja tryggingarbréfa, sem hvíldu á 1. og 2. veðrétti eignarhluta þb. Vélanausts hf. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir skuldi varnaraðili enn u. þ. b. 17.000.000 króna.

Sóknaraðili heldur því og fram, að ekkert tillit skuli taka til endursöluverðs fasteignarinnar Smiðsbúðar 9. Varnaraðili hafi átt að krefjast þess þegar við aðför, að kröfur sóknaraðila yrðu lækkaðar vegna mismunar á markaðsverði og nauðungarsöluverði. Það hafi hann ekki gert, og því sé of seint að bera þessa málsástæðu fyrir sig nú. Vilji varnaraðili hins vegar halda þessu fram, beri honum með vísan til 2. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu að höfða sérstakt mál til að fá kröfurnar færðar niður.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Kröfu um málskostnað styður hann við 130. gr. laga um meðferð einkamála, en kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Hér fyrir dómi hélt varnaraðili því ekki fram, að vísa bæri málinu frá vegna vanreifunar, en taldi þó rétt fyrir dómarrann að taka það til athugunar.

Varnaraðili rökstyður mál sitt því, að krafa sóknaraðila um gjaldþrota-

skipti hafi ekki komið fram innan tilskilins frests. Móttökustimpill Héraðsdóms Reykjaness segi til um, að krafan hafi borist 17. maí 1996, en hin árangurslausa aðfarargerð farið fram 15. febrúar.

Krafan hvíli og á ógildu fjárnámi frá 22. apríl 1996. Varnaraðili hafi krafist ógildingar á því hjá Héraðsdómi Reykjaness.

Einnig er því fram haldið, að kröfur sóknaraðila hafi alla tíð verið nægilega tryggðar með veði í Smiðsbúð 9, Garðabæ. Sóknaraðili hafi nú selt eignina þriðja manni fyrir 29.000.000 króna. Allar skuldir varnaraðila hafi verið tryggðar með tryggingarbréfum, sem hvíldu á þessari eign og átti að greiða upp við sölu eignarinnar. Að mati varnaraðila hefur sóknaraðili gert grein fyrir eftirfarandi kröfum sínum:

- | | |
|---|----------------------------------|
| 1. Skuldabréf, upphaflega að fjárhæð | kr. 7.500.000, útg. 20. 9. 1993. |
| 2. Skuldabréf, upphaflega að fjárhæð | – 4.500.000, útg. 20. 9. 1993. |
| 3. Skuldabréf, upphaflega að fjárhæð | – 5.000.000, útg. 29. 12. 1989. |
| 4. Hlaupareikningur nr. 125, að fjárhæð | – 852.919. |
| 5. Ábyrgð/Eldborg, upphaflega að fjárhæð | – 492.488. |
| 6. Dæmdur málskostnaður, upphafl. að fjh. | – 149.700. |

Varnaraðili telur þessar kröfur uppreiknaðar vera með eftirfarandi hætti:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Eftirstöðvar, sbr. dskj. nr. 26, | kr. 7.280.932. |
| 2. Eftirstöðvar, sbr. gjaldþrotaskiptabeiðni, | – 4.579.563. |
| 3. Uppgreitt. | |
| 4. Eftirstöðvar | – 852.919. |
| 5. Eftirstöðvar | – 1.574.001. |
| 6. Eftirstöðvar | – 200.000. |

Samtals standi kröfur sóknaraðila því í 14.487.415 krónum.

Varnaraðili heldur því fram, að kröfur sóknaraðila beri að lækka vegna mismunar á endursöluverði, sbr. 57. gr. laga um nauðungarsölu, því að kröfur sóknaraðila á hendur sér hafi verið tryggðar með tryggingarbréfum í þeirri eign. Í þessu sambandi bendir hann sérstaklega á, að bréfin hafi staðið til tryggingar ákveðnum höfuðstól, en við þá fjárhæð bætist vextir, innheimtukostnaður o. fl., og þar með tryggi þau mun hærri fjárhæð en höfuðstól þeirra nemi.

Hlutur varnaraðila í Smiðsbúð 9 hafi verið nánast helmingur af húsnæðinu og söluverð alls hússins 29.000.000 króna, og helmingur af því sé 14.500.000 krónur. Sóknaraðili hafi leyst hlutana til sín á 2.500.000 krónur og 3.000.000 króna, samtals 5.500.000 krónur. Því sé eftir að lækka kröfur varnaraðila vegna söluhagnaðarins um 9.000.000 króna. Að auki sé eftir að

lækka kröfurnar vegna tryggingarbréfa, sem hvíldu til tryggingar skuldum varnaraðila á eignarhluta þb. Vélanausts hf. í Smiðsbúð 9. Þar hafi verið áhvílandi tvö tryggingarbréf, annað að höfuðstól 4.000.000 króna á 2. veðrétti, sem tryggi a. m. k. 6.000.000 króna kröfu, og bréf á 1. veðrétti, að höfuðstól 2.000.000 króna, sem hafi ekki verið ráðstafað til hagsbóta fyrir varnaraðila.

Einnig beri að geta kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, að fjárhæð 49.800 krónur, vegna málskostnaðar. Loks telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi fengið tvö lán, sem hvíldu á eignarhluta merktum 0001, greidd upp við nauðungarsölu, og eigi hann ekki rétt á að fá þau einnig greidd að nýju með úthlutun vegna eignarhluta 0101. Vegna þessa beri að lækka kröfur sóknaraðila um 969.341 krónu.

Í greinargerð sinni gerir varnaraðili kröfu um ógildingu á fjárnáminu frá 15. febrúar 1996 án þess að rökstyðja þá kröfu sérstaklega.

Um lagarök vísar varnaraðili til almennra reglna um gjaldþrotaskipti, sem fram komi í lögum um gjaldþrot, einnig til einkamálalaga og 57. gr. laga um nauðungarsölu. Kröfu um málskostnað reisir varnaraðili á 130. gr. laga um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar sl., er það fullyrt, að Héraðsdómi Reykjaness hafi borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila innan þriggja mánaða, frá því að árangurslaust fjárnám fór fram hjá honum 15. febrúar 1996. Þessum skilningi Héraðsdóms Reykjavíkur verður ekki haggð hér, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991. Þá hefur Héraðsdómur Reykjaness hafnað beiðni um endurupptöku á aðfarargerð, sem fram fór 22. apríl 1996, þar sem liðinn hafi verið sá frestur, sem varnaraðili hafði til að bera gildi aðfarargerðarinnar undir héraðsdóm. Verður þessari ákvörðun Héraðsdóms Reykjaness ekki haggð hér og af þeim sökum ekki heldur gildi aðfarargerðarinnar.

Að mati dómsins eru kröfur sóknaraðila ekki settar fram með eins skýrum hætti og ætlast má til. Hins vegar er unnt að glöggva sig á kröfunum við skoðun skjala, sem þeim tengjast, og því ekki ástæða til að vísa málinu frá vegna vanreifunar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram með vísan til 57. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, að lækka beri kröfur sóknaraðila á hendur sér vegna hagnaðar sóknaraðila við endursölu Smiðsbúðar 9.

Í 57. gr. laga um nauðungarsölu kemur fram, að krefji sá, sem notið hefur

réttinda í hinni seldu eign, án þess að réttindum hans hafi verið fullnægt, gerðarþola eða annan um það, sem eftir standi af skuldinni, geti sá, sem krafinn er, krafist þess, að krafan verði færð niður um þá fjárhæð, sem nemur mismun á því verði, er eignin var seld fyrir, og því, sem sýnt þykir, að hafi verið markaðsverð eignarinnar við samþykki tilboðs miðað við þau greiðslukjör, er eignin var seld gegn. Önnur málsgrein 57. gr. kveður svo á, að þeim, sem krafinn er um eftirstöðvar skuldar, sé rétt að höfða mál á hendur kaupanda til að fá þær færðar niður samkvæmt því, sem segir í 1. mgr.

Telja verður, að varnaraðila máls þessa hafi ekki verið skylt, eins og sóknaraðili heldur fram, að höfða mál til að fá kröfur sóknaraðila á hendur sér lækkaðar vegna mismunar á því verði, sem eignin var keypt og seld á. Ákvæði 57. gr. eru sett til þess, að sá, sem kaupir eign á nauðungaruppbóði, geti ekki hagnast óeðlilega með því að bjóða t. d. upp í sinn veðrétt og fá eign útlagða til sín, en selja hana síðan á hærra verði og geta líka krafði skuldarann um eftirstöðvar skuldarinnar að frádregnu uppboðsverðinu. Sá, sem krafinn er um eftirstöðvar skuldar, getur alltaf að fram kominni kröfu um greiðslu borið fyrir sig, að eignin hafi verið meira virði en uppboðsverð benti til. Ekki verður fallist á með sóknaraðila, að varnaraðili hefði skv. 2. mgr. nefndrar 57. gr. þurft að höfða mál innan einhvers ákveðins frests til að fá skuldir sínar færðar niður skv. 1. mgr. 57. gr. Sá skilningur er óeðlilegur og ekki í anda tilgangs ákvæðisins, en það er umfram allt heimildar-ákvæði fyrir skuldarann eða þann, sem krafinn er um greiðslu. Ekki verður heldur fallist á með sóknaraðila, að krafa varnaraðila sé of seint fram kominn. Varnaraðili taldi við aðför 15. febrúar 1996, að kröfur sóknaraðila væru nægjanlega tryggðar með veði í Smiðsbúð 9. Þrátt fyrir það að varnaraðili hafi ekki nýtt sér rétt sinn til að bera gildi fjárnámsins undir héraðsdóm, verður ekki talið, að hann hafi glatað rétti sínum til að bera þessa málsástæðu fyrir sig í máli þessu. Verður því að taka þessa málsástæðu varnaraðila til greina og fjalla um hana efnislega.

Í málinu liggur fyrir, að sóknaraðili seldi með kaupsamningi, dags. 1. nóvember 1996, alla fasteignina Smiðsbúð 9 á 29.000.000 króna. Eins og að framan er getið, átti varnaraðili rétt rúman helming eignarinnar, en hinn helminginn átti þrotabú Vélanausts hf. Þar sem sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að endursöluverð eignarinnar hafi verið óeðlilega hátt, eða á annan hátt gert sennilegt, að ekki beri að leggja það til grundvallar við verðmat á eigninni, verður verð þetta lagt til grundvallar í máli þessu, þrátt fyrir það að ekki sé ósennilegt, að sóknaraðili hafi haft einhvern kostnað af sölu eignarinnar og staðgreiðsluverð verið lægra en hér um ræðir.

Við nauðungaruppbóð keypti sóknaraðili hlut varnaraðila í eigninni á

samtals 7.200.000 krónur. Fallast má á með varnaraðila, að skipta beri verðmæti eignarinnar jafnt á milli hans og þb. Vélanausts hf., þ. e. 14.500.000 krónur í hlut hvors. Samkvæmt þessu átti varnaraðili rétt á að fá kröfur sóknaraðila á hendur sér lækkaðar um mismuninn, þ. e. 7.300.000 krónur. Áður en skuldir varnaraðila eru færðar niður vegna söluhagnaðar sóknaraðila, verður hins vegar að draga frá gjöld, sem greiða varð vegna nauðungaruppboðsins, svo og lögveðskröfur, sem skv. skjölum málsins sundurliðast þannig:

- 1) Sölulaun til ríkissjóðs skv. 5. gr. aukatekjulaga:

a) vegna hluta 0001	17.000 krónur.
b) vegna hluta 0201	30.900 krónur.
c) vegna hluta 0101	25.000 krónur.
- 2) Vátryggingafélag Íslands, brunatryggingaiðgjöld, lögveð:

a) vegna hluta 0001	26.244 krónur.
b) vegna hluta 0201	22.090 krónur.
c) vegna hluta 0101	191.746 krónur.
- 3) Gjaldheimtan í Garðabæ, fasteignagjöld, lögveðskrafa:

a) vegna hluta 0001	241.398 krónur.
b) vegna hluta 0201	459.793 krónur.
c) vegna hluta 0101	272.230 krónur.

Samtals 1.286.401 króna.

Samkvæmt framanrituðu ber að lækka kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila vegna eignarhluta varnaraðila í Smiðsbúð 9 um 6.013.599 krónur.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að lækka beri kröfur á hendur sér vegna söluhagnaðar sóknaraðila á eignarhluta þb. Vélanausts hf. Hann segir, að á 1. og 2. veðrétti á eignarhlutum þrotabúsins hafi hvílt tryggingarbréf vegna skulda sinna við sóknaraðila. Þar sem bréfin hafi verið til tryggingar öllum skuldum varnaraðila, hafi átt að ráðstafa öllum söluhagnaðinum til greiðslu skulda varnaraðila. Á þetta verður ekki fallist. Varnaraðili á ekki rétt á að fá skuldir sínar lækkaðar meira en nemur verðmæti bréfanna, því að hugsanlegur söluhagnaður af eigninni á að renna til eiganda hennar og koma honum að notum, í þessu tilviki þb. Vélanausts hf. Sóknaraðili hefur gert grein fyrir stöðu bréfanna um áramótin 1995–1996, og reiknað þau upp með vöxtum og kostnaði og fengið út, að verðmæti þeirra hafi á þeim degi verið 7.199.406 krónur. Við flutning málsins bar lögmaður sóknaraðila, að verðmæti bréfanna hefði verið miðað við þá tölu, sem fengist hefði úthlutað vegna þeirra við nauðungaruppboð. Fallast verður á með sóknaraðila, að honum hafi verið rétt að leysa eignina til sín frá þrotabúinu

með þeim hætti, sem gert var, því að augljóslega var tilgangslaust að láta eignina fara á nauðungarsölu, þar sem sóknaraðili átti veðkröfur á eignina langt umfram verðmæti hennar. Verðmæti bréfanna hafi síðan verið ráðstafað upp í skuldir varnaraðila við sóknaraðila, eins og nánar er tilgreint í dskj. 48.

Að framan eru raktar þær kröfur, sem varnaraðili telur sóknaraðila hafa gert grein fyrir. Þess hefur áður verið getið, að kröfur sóknaraðila séu ekki eins skýrar og ætlast megi til. Þannig er ekki að finna í gögnum málsins greinargott yfirlit um, hvernig uppboðsandvirði var ráðstafað upp í kröfur sóknaraðila. Sóknaraðili hefur lagt fram yfirlit um stöðu krafna, dskj. 26. Það skjal er ekki í samræmi við lýsingu krafna í gjaldþrotaskiptabeiðninni. Einnig hefur sóknaraðili haldið því fram í dskj. 46, að hann hafi greitt 1.041.583 krónur af uppboðsandvirði eignarhluta 0101 inn á kröfu nr. 5450404. Þessa innborgun er hins vegar hvorki að sjá í yfirliti um skuldir varnaraðila né í gjaldþrotaskiptabeiðninni. Af þessum sökum verður einungis tekið tillit til þeirra krafna, sem varnaraðili hefur viðurkennt, og þeirra krafna, sem augljóslega má sjá í gögnum málsins. Niðurstaðan verður samkvæmt því eftirfarandi:

Varnaraðili telur sig skulda sóknaraðila 14.487.415 krónur, en þá sé eftir að lækka kröfur sóknaraðila vegna söluhagnaðar. Kröfu nr. 3 í yfirliti varnaraðila að framan er ekki að finna í gjaldþrotaskiptabeiðninni. Þar sem varnaraðili hefur samþykkt tilvist hennar og hana er að finna í viðskiptayfirliti sóknaraðila, dskj. 26, þykir rétt að taka hana til greina, að fjárhæð 852.919. Varnaraðili hefur í útreikningi sínum tekið tillit til innborgana, sem færðar hafa verið á kröfurnar vegna uppboða. Þannig telur varnaraðili kröfu merкта 1 hér að framan (krafa nr. 05450402 hjá sóknaraðila) standa í 7.280.932 krónum. Inn á þessa kröfu hafa hins vegar verið færðar til lækkunar innborganir að fjárhæð 1.415.358 krónur og 2.548.332 krónur, samtals 3.963.690 krónur. Kröfu merкта 2 að framan (krafa nr. 05450404 hjá sóknaraðila) telur varnaraðili standa í 4.579.563 krónum, en þá hefur hann gert ráð fyrir innborgun, að fjárhæð 2.487.217 krónur. Kröfur nr. 5 og 6 að framan eru í samræmi við gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila. Varnaraðili hefur ekki tekið tillit til þess, að við úthlutun á uppboðsandvirði eignarhluta 0101 voru kröfur sóknaraðila á hendur honum, samtals að fjárhæð 969.340,50 kr., greiddar upp. Loks eru aðilar sammála um skuldajafnað vegna 49.800 króna kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila vegna málskostnaðar, sem kemur þá til lækkunar skuldum varnaraðila.

Niðurstaða þessa verður því sú, að varnaraðili hefur viðurkennt að skulda sóknaraðila 14.487.415 krónur. Til viðbótar þeirri fjárhæð á að leggja

þá fjárhæð, sem varnaraðili hefur fallist á, að sóknaraðili hafi lækkað kröfur sínar um, þ. e. 6.450.907 kr. Við þessa fjárhæð ber svo að bæta 969.340,50 krónum vegna uppgreiðslu skulda með uppboðsandvirði eignarhluta 0101. Til lækkunar koma svo 49.800 krónur vegna skuldajafnaðar. Samtals nema skuldir varnaraðila, áður en dregið hefur verið frá þeim andvirði eignarhluta hans í Smiðsbúð 9 og söluhagnaður vegna sama svo og úthlutun á uppboðsandvirði vegna tryggingarbréfs með veði í hluta þb. Vélanausts, 2.548.332 krónur, 21.907.662 krónum. Frá þessari fjárhæð ber síðan að draga uppboðsandvirði eignarinnar, 7.200.000 krónur, söluhagnað, 6.013.599 krónur, vegna úthlutunar tryggingarbréfs með veði í eignarhluta þb. Vélanausts hf., 2.548.332 krónur, og 49.800 krónur vegna skuldajafnaðar. Samtals eru því til lækkunar 15.721.731 króna.

Af þessu má ráða, að varnaraðili skuldar sóknaraðila ekki minna en 6.158.931 krónu. Áður hefur verið gerð grein fyrir því, að ekki beri að lækka kröfur sóknaraðila vegna söluhagnaðar á hluta þb. Vélanausts hf. í Smiðsbúð 9. Þá hefur þess og verið getið, að sóknaraðili hafi fært varnaraðila til tekna andvirði þeirra tryggingarbréfa, sem hvíldu á hluta þb. Vélanausts.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um gildi fjárnáma þeirra, er gjaldþrotaskiptabeiddin er reist á, og þess, að kröfur sóknaraðila eru greinilega langt umfram þá fjárhæð, sem varnaraðili átti rétt á að fá vegna nauðungarsölu og endursölu á fasteigninni Smiðsbúð 9, og þess, að hann hefur ekki sýnt fram á að eiga eignir, sem tryggt geti kröfu sóknaraðila, eða boðið fram greiðslu á þeim, verður að telja, að skilyrðum 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. sé fullnægt. Ekkert bendir til þess, að hin árangurslausu fjárnám gefi ranga mynd af fjárhag varnaraðila. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina og bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta.

Með tilliti til þess, hvernig máli þessu er háttað, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af því.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Dómsuppsaga hefur dregist lítillaga vegna leyfis dómarans um páskahátíðina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa sóknaraðila, Íslandsbanka hf., um, að bú varnaraðila, Sigmundar Franz Kristjánssonar, kt. 140141-2169, Baldurshaga, Hofsósi, verði tekið til gjaldþrotaskipta, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.